



# Fréttabréf Brekkuskóla

1. apríl 2014  
8. tbl. skólaárið 2013-2014  
Ábyrgðamaður Bergþóra Þórhallsdóttir



Þá er apríl á næsta leiti, sólin farin að sjást mun meira en áður og við í skólanum farin að undirbúa okkur undir síðasta sprettinn á skólaárinu. Framundan í Brekkuskóla er *Stóra upplestrarkeppnin* í 7. bekk og nemendur í 8.-10. bekk halda sína árlegu *Brekkuvision* hæfileikakeppni þann 11. apríl áður en haldið er í páskaleyfi. Í vikunni eftir páska er síðan *Sumardagurinn fyrsti* og þá er spurning hvort að vetur og vor frýs saman þetta árið.

Í þessum mánuði munum við samt ekki slá slöku við gildi mánaðarins frekar en fyrri daginn sem að þessu sinni er „mannréttindi“. Í hugum margra eru lýðræði og mannréttindi samofin og margt hefur verið ritað og sagt í gegnum aldirnar. Aðalnámskrá grunnskóla segir að: *Í lýðræðisríki þurfa borgararnir að búa við mannréttindi og ráða öllum meiriháttar málum sínum sameiginlega. Virðing fyrir manngildi og heilbrigði barna og ungmenna felur bæði í sér virðingu fyrir mannréttindum þeirra og viðurkenningu á hæfileikum þeirra og þroskamöguleikum. Viðhorf, gildismat og siðferði eru ríkir þættir í lýðræðsmenntun og jafnframt því sem þau atríði fléttast saman við aðra grunnþætti menntunar. Skólum ber að rækta það viðhorf að samfélagið eigi að vera lýðræðislegt og einstaklingarnir gagnrýnir og með famtíðarsýn*“. Vinna með síðareglu kennara er einnig á sínum stað og tengist síðaregla mánaðarins einnig mannréttindum en hún fjallar um fordóma, einelti og annað ranglæti sem nemendur geta orðið fyrir.

Uppbyggingarstefnan gefur okkur mörg tækifæri til að fræða og kenna nemendum um lýðræði og mannréttindi. Með uppbyggingarstefnunni er nemendum kennt að bera virðingu fyrir sér og öðrum, að virða rétt annarra og að læra leiðir til að hafa stjórn á eigin hegðun svo fátt eitt sé nefnt. Reglulegir bekkjarfundir sem kennarar halda með nemendum sínum hvetja til samræðna og lýðræðislegar vinnubragða sem og eru mannréttindi sem felast í að nemendur fái að tjá sig um þau málefni sem liggja þeim á hjarta. Teymið um *Uppbyggilegan Olveus* fundar reglulega og leggur kennurum línurnar og leiðbeinir með áherslur hverju sinni. Skólinn er einnig að vinna samkvæmt aðgerðaráætlun Olveusar gegn einelti og er unnið jafnhliða með báðar aðferðirnar þar sem þær styðja hvora aðra í hvívetna. Í byrjun apríl mun nemendaráð, sem í sitja fulltrúar nemenda í 8.-10. bekk (tveir úr hverjum bekk) fara í alla bekkir með fræðslu um einelti. Það er vinna sem nemendaráð hefur unnið að undanfarið og er nýmæli en nemendaráð hefur ekki áður komið að þessháttar fræðslu með beinum hætti.

Kær kveðja úr skólanum  
Stella deildarstjóri

## Þér er boðið!

Lokahátíð Stóru upplestrarkeppninnar verður í Menntaskólanum á Akureyri - Hólum

miðvikudaginn 2. apríl 2014 kl. 17:00

Á hátíðinni munu nemendur í sjöunda bekk, sem valdir hafa verið úr skólum Akureyrar, lesa brot úr skáldverki og ljóð. Að lokum mun dómnefnd velja þrjá bestu upplestarana og veita verðlaun.

Raddir, samtök um vandaðan upplestur og framsögn og Skóladeild Akureyrarbæjar

## Nordplus

Í síðustu viku voru tveir kennarar frá Brekkuskóla í Hjelmeland í Noregi á vegum verkefnisins.



Nokkrir nemendur í Brekkuskóla fengu kost á að “hitta” nemendur í Noregi með FaceTime í iPad. Norsku nemendurnir voru í byrjun með óvænta uppkomu sem fólst í því að klappa við lag og leika með plastglös. Fyrst byrjuðu fáir nemendur að spila á glösin, en svo var allur bekkurinn farinn að taka þátt. Mjög skemmtileg uppkoma hjá frændum okkar Nordmönnum.



## Brekkuskóli

v/Skólástig  
600 Akureyri  
sími 462-2525  
www.brekkuskoli.is

Menntun

Gleði

Umhyggja

Framfarir

## Viðburðadagatal og matseðill - apríl 2014

30.	31. 	1. apríl Lasagne, brauð, salat og ávextir	2. Brauðaður fiskur, kartöflur, sósa, salat og ávextir <b>Stóra upplestrarkeppnin í 7. bekk</b>	3. Grjónagrautur, slátur, salat og ávextir	4. Heimalöguð pizza, grænmeti og ávextir <b>Morgunmóttaka hjá 9.- 10. bekk</b>	5.
6.	7. Hakk og spaghetí, salat og ávextir	8. Fiskiklattar, kartöflur, sósa, salat og ávextir	9. Grísasnitseil, sósa, kartöflur, salat og ávextir	10. Tómat/karrý fiskur, kartöflur, salat og ávextir <b>Morgunmóttaka hjá 1. bekk.</b>	11. Súpa, brauð, álegg, salat og ávextir <b>Brekkuvísið 8. - 10. bekkur.</b>	12.
13.	14. Páskaleyfi	15. Páskaleyfi	16. Páskaleyfi	17. Páskaleyfi	18. Páskaleyfi	19.
20.	21. Páskaleyfi	22. Kjötbollur, kartöflur, sósa, salat og ávextir	23. Björkeby fiskur, kartöflur, salat og ávextir	24. <b>Sumardagurinn fyrsti Frídagur</b>	25. Pasta, sósa, salat, brauð og ávextir	26.
27.	28. Soðinn fiskur, sósa, kartöflur, salat og ávextir	29. Heitt slátur, kartöflur, grænmeti og ávextir	30. Gufusoðinn fiskur, kartöflur, rúgbrauð, tómatsósa, salat og ávextir <b>Morgunmóttaka hjá 7.- 8. bekk</b>	1. maí Frídagur	2. <b>Starfsdagur Frístund lokuð fyrir hádegi</b>	3.

### Frá útivistardegi í Hlíðarfjalli 27. mars 2014



Menntun

Gleði

Umhyggja

Framfarir